Code of Conduct

Siðareglur Primex

Icelandic (Original)

Útgefið: 24. janúar 2025

SIÐAREGLUR PRIMEX EHF.

Stjórn Primex ehf. telur mikilvægt að starfsemi og viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor hagaðila sem og félagsins sé í heiðri haft. Stjórn félagsins telur einnig mikilvægt að í gildi séu siðareglur sem eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði innan stjórnar, í félaginu og út á við.

Siðareglurnar veita aðhald og auðvelda okkur að meta þau fjölbreyttu viðfangsefni sem mæta okkur í daglegum störfum um leið og þær hjálpa okkur að taka réttar ákvarðanir. Reglur þessar eru leiðarvísir okkar á þeirri braut og er þeim ætlað að vera starfsmönnum Primex og aðilum sem starfa eða koma fram undir merkjum félagsins til stuðnings ef upp koma hagsmunaárekstrar eða siðferðisleg álitamál sem taka þarf afstöðu til.

1. Gildissvið

Siðareglur þessar gilda um eftirfarandi aðila:

- Stjórn og undirnefndir stjórnar.
- Stjórnendur.
- Alla starfsmenn félagsins.

English (Translation)

Published: 24 January 2025

CODE OF CONDUCT OF Primex EHF.

The Board of Primex ehf. (“The Company”) considers it essential that the Company’s operations and business be conducted with integrity and that the reputation of stakeholders and the Company be safeguarded. The Board also considers it important to have a Code of Conduct in force to guide ethical and social responsibility, both within the Board and the Company and in external dealings.

The Code provides guidance and helps us assess the diverse issues we encounter in our daily work while supporting sound decision-making. These rules are our compass and are intended to support the Primex employees and any party acting on behalf of the Company where conflicts of interest or ethical questions arise.

1. Scope

This Code applies to:

- The Board and its subcommittees.
- Management.
- All employees of the Company.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra stjórnenda Primex að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum og vera öðrum fyrirmyndir í þeim efnum – og hverjum og einum sem undir siðareglurnar fellur ber að fara eftir ákvæðum þeirra og tileinka sér þær í daglegum störfum sínum.

The Board and all managers are responsible for leading the implementation and monitoring of the Code and for acting as role models. Everyone covered by the Code must comply with it and adopt it in their day-to-day work.

2. Markmið

Markmið siðareglna þessara er að tryggja að viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor þess og hagaðila sé í heiðri haft. Þessu markmiði náum við með því að hvert og eitt okkar axli ábyrgð á því að heiðarleiki, sanngirni og virðing einkenni samskipti og störf okkar innan Primex, sem og samskipti og störf okkar út á við. Við einsetjum okkur að þekkja, skilja og fara eftir hvers konar lögum, reglum, stefnum, starfsreglum og siðareglum sem gilda um störf okkar og við leitum okkur aðstoðar ef við teljum að okkur skorti nauðsynlegan skilning eða ef við teljum að lög eða siðareglur hafi verið brotin.

2. Objective

The objective of this Code is to ensure that the Company's business is conducted with integrity and that the reputation of the Company and its stakeholders is protected. We achieve this by each of us taking responsibility for ensuring that honesty, fairness, and respect characterize our interactions and work within Primex and externally. We undertake to know, understand, and comply with all laws, regulations, policies, procedures, and codes applicable to our work, and to seek guidance where our understanding is insufficient or where we suspect that laws or the Code have been breached.

Það er á ábyrgð stjórnar og allra stjórnenda að hafa eftirlit með og bregðast við hvers konar ábendingum um atriði sem varða brot á lögum eða siðareglum þessum og koma slíkum málum í viðeigandi farveg.

The Board and all managers are responsible for supervising and responding to any reports concerning breaches of laws or this Code and for ensuring such matters are handled appropriately.

3. Hagaðilar

Við leggjum áherslu á að allir hagaðilar okkar séu hafðir í fyrirrúmi við framkvæmd siðareglnanna. Siðareglum þessum skal fylgt eftir og þær túlkaðar í samræmi við framangreind markmið félagsins og hagsmuni hagaðila þess eins og við á hverju sinni.

3. Stakeholders

We emphasize that all stakeholders are considered in applying the Code. The Code shall be enforced and interpreted in line with the objectives stated above and the interests of the Company's stakeholders as applicable.

4. Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi og umhverfismál og sjálfbærni

Samfélagsleg ábyrgð, mannréttindi, umhverfismál og sjálfbærni eru lykilatriði í stefnu Primex og við gerum ríkar kröfur til okkar sjálfra og birgja okkar þegar kemur að

4. Social Responsibility, Human Rights, Environment, and Sustainability

Social responsibility, human rights, environmental matters, and sustainability are key components of Primex's strategy. We set high standards for ourselves and our suppliers

þeim málaflokkum og höfum sett okkur skýrar stefnur og markmið þar að lútandi.

Við virðum mannréttindi í hvívetna og stefnum að því að eiga góð samskipti við innan þeirra samfélaga sem starfsemi félagsins nær til og að hafa góð áhrif á þau.

Við förum ávallt að gildandi lögum hverju sinni varðandi umhverfismál og heitum að hafa sem minnst áhrif á umhverfi okkar.

Við leggjum ríka áherslu á að sjálfbærni þeirra auðlinda sem félagið byggir starfsemi sína á sé tryggð til langs tíma.

5. Mannauður

Við heitum að virða hvers konar starfstengd réttindi starfsmanna í samræmi við lögboðin réttindi launafólks og leggjum ríka áherslu á heilsu og öryggi starfsmanna með því að veita þeim gott starfsumhverfi, fræðslu og þjálfun í samræmi við öryggisstefnu félagsins. Við stuðlum að jafnrétti á vinnustað og erum málefnaleg og sanngjörn í öllum okkar samskiptum. Við líðum hvorki einelti né aðra áreitni.

6. Heiðarleiki í viðskiptum

Við leggjum áherslu á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og förum ávallt að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og gerum ráð fyrir því sama af þeim sem Primexskiptir við. Við erum afdráttarlaus í iðkun góðra viðskiptahátta og þræðum ekki markalínur þess löglega eða siðferðislega rétta.

regarding these areas and have adopted clear policies and objectives.

We respect human rights in all respects and aim to maintain positive relations within the communities where the Company operates and to have a positive impact on them.

We comply at all times with applicable environmental laws and are committed to minimizing our environmental footprint.

We place strong emphasis on ensuring the long-term sustainability of the resources on which the Company's operations depend.

5. People

We commit to respecting employment-related rights in accordance with statutory rights and place a strong emphasis on employee health and safety by providing a good working environment, training, and education in line with the Company's safety policy. We promote equality in the workplace and maintain fair and professional conduct in all interactions. Bullying or harassment of any kind will not be tolerated.

6. Integrity in Business

We emphasize professionalism, honesty, and fairness in business, comply with laws and regulations and generally accepted ethical standards, and expect the same from those with whom Primex does business. We are unequivocal in upholding good business practices and do not push the boundaries of what is legally or ethically acceptable.

Öll viðskipti Primex ehf. eru framkvæmd á armslengdargrunni og við líðum aldrei mútur, spillingu, hagsmunaárekstra, né neins konar óviðeigandi fyrirgreiðslu, hvort heldur af okkar hálfu eða gagnvart okkur. Þá þiggjum við ekki gjafir né neins konar aðra fyrirgreiðslu af hálfu annarra sem kann að draga úr trúverðugleika okkar eða Primex, eða er til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind okkar við vinnslu mála, eða meginreglunnar um armslengdarviðskipti. Ef við erum í minnsta vafa um heimildir okkar til móttöku gjafa eða annars konar fyrirgreiðslna leitum við ávallt álits næsta yfirmanns okkar.

All transactions of Primex ehf. are conducted on an arm's-length basis. We do not tolerate bribery, corruption, conflicts of interest, or any improper advantage—whether offered by us or to us. We do not accept gifts or any other benefits that could diminish our credibility or that of the Company, or that could influence decision-making or judgment, including adherence to the arm's-length principle. When in doubt about accepting gifts or other benefits, we seek guidance from our immediate supervisor.

Öll viðskipti Primex skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur og háð endurskoðun.

All Company transactions shall be recorded in the Company's books in accordance with recognized practices and are subject to audit.

Primex tekur ekki þátt í neins konar ólögmætum viðskiptum eða aðgerðum, s.s. peningaþvætti eða mútum.

Primex does not participate in any unlawful activities, including money laundering or bribery.

7. Hagsmunaárekstrar

Um hagsmunaárekstur er að ræða þegar persónulegir hagsmunir eða aðrir hagsmunir sem ekki eru starfstengdir, hafa áhrif eða geta virst hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir okkar. Einkahagsmunir okkar skulu ekki hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir. Við komum ekki að ákvörðunum sem við eða aðilar tengdir okkur kunna að hafa persónulegan hag af né sinnum öðrum störfum eða stöðum sem skapað geta hagsmunaárekstur við félagið.

7. Conflicts of Interest

A conflict of interest arises when personal or non-work-related interests influence, or appear to influence, our work-related decisions. Personal interests must not affect our professional decisions. We do not take part in decisions where we or related parties stand to benefit personally, nor do we hold roles that could create conflicts with the Company.

8. Samkeppni

Við styðjum frjálsa samkeppni og heitum því að stunda sanngjarna og réttláta samkeppni í samræmi við gildandi löggjöf. Við komum ekki í veg fyrir að aðrir geti stundað löglega samkeppni heldur virðum samkeppnisreglur og samskipti. Samningar og aðrar aðgerðir sem draga úr samkeppni verða ekki liðin.

8. Competition

We support free competition and commit to fair and lawful competition in accordance with applicable legislation. We do not hinder lawful competition by others and we respect competition rules and practices. Agreements or actions that restrict competition will not be tolerated.

9. Arðsemi í gegnum skilvirkni

Eitt af hlutverkum félagsins er að skila eigendum sínum ávöxtun á fjárfestingu sína í samræmi við ákvarðanir hluthafafunda og stjórnar hverju sinni.

Arðsemi er jafnframt forsenda rekstursins og þar með þeirra starfa sem hjá félaginu hafa skapast. Við heitum því að vinna ötullega að því að skapa arðsemi í gegnum skilvirkan og hagkvæman rekstur, þar sem tillit er tekið til allra hagaðila.

9. Profitability through Efficiency

One of the Company's roles is to generate returns for its shareholders in accordance with decisions of shareholders' meetings and the Board.

Profitability is also a prerequisite for operations and the jobs the Company sustains. We commit to working diligently to achieve profitability through efficient and economical operations, taking account of all stakeholders.

10. Varðveisla trúnaðarupplýsinga og persónuvernd

Hvers konar trúnaðar- og/eða persónuupplýsingar sem eru til eða verða til hjá Primex eru meðhöndlaðar af ýtrustu varkárni og ávallt í takt við gildandi löggjöf og verklagsreglur hverju sinni. Við nýtum ekki trúnaðarupplýsingar til ávinnings, hvorki fyrir okkur sjálf né aðra. Þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Upplýsingatækni og boðleiðir munum við nota á ábyrgan hátt.

10. Confidentiality and Data Protection

All confidential and/or personal information held by Primex is handled with the utmost care and always in accordance with applicable laws and procedures. We do not use confidential information for personal gain, whether for ourselves or others. The duty of confidentiality continues after employment ends. We use information technology and communication channels responsibly.

11. Vernd eigna og gagna

Eignir Primex geta verið fjárhagslegar, efnislegar og óáþreifanlegar, t.a.m. fasteignir, tæki, sjóðir, hugbúnaður, verkkunnátta, hugverk, viðskiptaleyndarmál og gögn sem verða til í félaginu.

Eignir og gögn Primex og/eða sem verða til í rekstri félagsins eru verðmæt og þau munum við umgangast af virðingu og varðveita tryggilega. Við ráðstöfum eignum og gögnum aðeins í þágu félagsins en ekki til persónulegra nota eða hagsbóta.

Sérstaklega skal gætt að meðferð rafrænna gagna og slík gögn meðhöndluð og varðveitt á ábyrgan og viðeigandi hátt.

11. Protection of Assets and Data

The Company's assets may be financial, tangible, or intangible—for example, real estate, equipment, funds, software, know-how, intellectual property, trade secrets, and data generated by the Company.

We treat the Company's assets and data with respect and ensure their secure preservation. We use assets and data only for the benefit of the Company and not for personal use or gain.

Special care shall be taken with electronic data, which must be handled and stored responsibly and appropriately.

Við erum öll fulltrúar félagsins innan og utan vinnutíma – þar með talið á samfélagsmiðlum - og sýnum ekki af okkur neina þá hegðun sem skaðað getur eða rýrt orðspor, vörumerki félagsins og önnur tengd vörumerki.

We are all representatives of the Company both during and outside working hours—including on social media—and we refrain from any behavior that could harm or diminish the Company's reputation, its trademarks, or related brands.

12. Samskipti og upplýsingagjöf

Við sýnum hvert öðru virðingu og eigum hreinskilin samskipti við allt samstarfsfólk og hagaðila.

Við erum staðráðin í að upplýsingagjöf Primex til hagaðila er á hverjum tíma rétt, gagnorð og nákvæm. Við gætum jafnframt ávallt að heimild okkar til að tjá okkur fyrir hönd félagsins. Við leggjum að öðru leyti ríka áherslu á gagnsæi fyrir hagaðila okkar vegna stjórnarhátta Primex. Samskipti við hagaðila eru okkur afar dýrmæt og við leggjum áherslu á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir á stefnu og starfsemi félagsins.

12. Communication and Disclosure

We treat one another with respect and communicate openly with colleagues and stakeholders.

We are committed to ensuring that the Company's disclosures to stakeholders are accurate, concise, and correct at all times. We always observe our authorization to speak on behalf of the Company. We otherwise place strong emphasis on transparency for stakeholders in relation to the Company's governance. Stakeholder communications are highly valued, and we aim to listen to their views on the Company's strategy and operations.

13. Tilkynning um brot

Við erum staðráðin í því að láta óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast og það er skylda hvers og eins okkar að standa vörð um að hvorki eigi sér stað lögbrot, brot á siðareglum þessum eða brot á annars konar stefnum, reglum eða gildandi starfsháttum innan Primex.

13. Reporting of Breaches

We are determined not to allow improper business practices to occur. It is the duty of each of us to ensure that no legal violations, breaches of this Code, or breaches of other policies, rules, or practices occur within Primex.

Hafi starfsmenn rökstuddan grun um slík brot, ber þeim að gera viðvart og leita til einhvers af eftirfarandi aðilum:

If employees have a well-founded suspicion of such breaches, they must report them to one of the following:

1. Næsta yfirmanns.
2. Næsta yfirmanns þar fyrir ofan.
3. Forstjóra Primex ehf.
4. Formanns stjórnar ef um forstjóra er að ræða.
5. Varaformanns stjórnar ef um formann stjórnar er að ræða.

1. Their immediate supervisor.
2. The next level supervisor.
3. The CEO of Primex ehf.
4. The Chair of the Board (if the CEO is concerned).
5. The Vice-Chair of the Board (if the Chair is concerned).

Allar ábendingar um brot verða teknar alvarlega og rannsakaðar. Starfsmönnum verður aldrei refsað, hvorki með beinum eða óbeinum hætti, ef þeir í góðri trú koma á framfæri ábendingu um rökstuddan grun um brot samkvæmt þessari grein og verður nafnleynd viðkomandi tryggð við meðhöndlun slíkra mála.

All reports will be taken seriously and investigated. Employees will not be subject to reprisals, whether direct or indirect, if they in good faith report a well-founded suspicion of a breach under this section. The reporter's anonymity will be preserved in handling such cases.

14. Viðurlög

Brot gegn siðareglum þessum geta varðað áminningu og jafnvel brottrekstri – í samræmi við viðeigandi vinnulöggjöf hverju sinni.

14. Sanctions

Breaches of this Code may result in disciplinary action, including warning or dismissal, in accordance with applicable employment legislation.

Þannig samþykkt af stjórn Primex ehf hf. þann 23. janúar 2025.

Approved by the Board of Primex ehf. on 23 January 2025.